



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2021

1. Uppbyggingaráætlun velferðarsviðs

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 296.489 þ.kr. vegna uppbyggingaráætlunar. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -296.489
VEL	F4348	Árskógar	Til 116.489
VEL	F2152	Elliðabraut	Til 96.000
VEL	F2152	Hraunbær	Til 84.000
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Fjárheimildir vegna uppbyggingaráætlunar sértæks húsnæðis hjá velferðarsviði voru geymdar miðlægt í fjárhagsáætlun 2021 og verður úthlutað þegar verkefni hefjast.

Árskógar er hluti af uppbyggingaráætlun sem samþykkt var af Borgarráði 24 ágúst 2017. Samkv. velferðarsviði hófst starfsemi í Árskógum í mars 2021 en starfsfólk var ráðið frá byrjun febrúar 2021 vegna undirbúnings. Áætlað var að Árskógar myndu hefja starfsemi seinna á árinu og var kostnaður áætlaður 61.000 þ.kr. Starfsemin hófst því fyrr en áætlað var og sömuleiðis var samþykkt í borgarráði 26. nóvember 2020 sú breyting að íbúðarkjarninn í Árskógum 5 – 7 sem átti að vera í þjónustuflokki II fyrir geðfatlaða einstaklinga skyldi breytt í íbúðakjarna í þjónustuflokki II fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir. Kostnaðarauki vegna þessara breytinga er 52.804 þ.kr. auk 3 m.kr. í stofnkostnað.

Elliðabraut er íbúarkjarni I-II þroskahömlum. Úrræðið er hluti af Uppbyggingaráætlun sem samþykkt var af Borgarráði 24. ágúst 2017. Elliðabraut er í fullum rekstri á árinu 2021. Kostnaðarmat samkvæmt áætlun 2021 er kr 93 m.kr auk stofnkostnaðar 3 m.kr. Samtals 96 m.kr.

Hraunbær er sambýli sem var samþykkt í Borgarráði 24. ágúst 2017 og er að fullu í rekstri 2021. Um er að ræða íbúðakjarna III geðfötlun. Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður 81 m.kr. auk 3 m.kr. stofnkostnaðar.

Dagur B. Eggertsson